

Matvælastofnun
Austurvegur 64
800 SELFOSS

Garðabær, 11. mars 2022
Málsnúmer: 202202-0024
SS

Efni: Umsögn um umsókn Nesskel ehf. um ræktunarleyfi í Borgarfirði.

Vísað er til tölvupósts frá Matvælastofnun, dags. 18. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Nesskel ehf. um nýtt ræktunarleyfi vegna skeldýraræktar í Borgarfirði. Leitast var eftir að Náttúrufræðistofnun legði mat á „það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiahhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.”

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Um er að ræða umsókn um 199 tonna framleiðslu af kræklingi á allstóru svæði í mynni Borgarfjarðar. Þótt kræklingaræktun af þessum toga feli almennt ekki í sér mikið inngríp í náttúruferlir vill Náttúrufræðistofnun benda á að svæðið sem hér um er ræðir er eitt mikilvægasta fæðuöflunarsvæði æðarfugls á fellitíma í Faxaflóa og tryggja þarf að framboð á lykilmæði eins og kræklingi sé til staðar fyrir þá stóru hópa æðarfugla sem nýta sér svæðið. Ekki er vitað hver þölmörk svæðisins eru fyrir nýtingu á kræklingi og hvernig það gæti haft áhrif á veru æðarfugla á svæðinu á fellitíma. Ef veita á leyfi fyrir umfangsmikilli söfnun kræklinga á svæðinu þyrfti að vakta áhrif á fuglalíf svæðisins. Einnig þarf að tryggja að notkun plógs við söfnun valdi ekki óþarfa raski á öðru botndýralífi og trufla ekki fugla og seli.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar
Náttúrufræðistofnun Íslands

